

ngur. Við erum því farin að tala um r lág hlutföll og upphæðir þegar miðað nágrannalöndin.

öruflökknum aðrar iðnaðarvörur eru 5 % vörur sem tengjast fiskiðnaðinum og seljast meðal annars vegna þess sem af okkur fer og þeirrar reynslu sem íum yfir sem fiskveiðipjóð. Þannig eru og tæki til fiskiðnaðar, tölvustýrðar og handfærarullur, fiskinet alls konar : plastkössum og körum til fiskiðnaðar-ærstu vöruflökkarnir í þessum útflut-

125 % sem eftir standa eru að verðmæti ga 200 milljóna króna, eða ekki nema 5 % af heildarútflutningi okkar.

ta eru vörur sem gætu verið frá hvaða ir-Evrópska landi sem væri. Þær eru eiddar í þeim hluta íslensks iðnaðar ekki styður sig við sjávarútveginn á hátt. Þessi útflutningur skiptir miklu fyrir þau fyrirtæki sem að honum a, en hann hefur lítil áhrif á heildina. Í m tilfellum er um „frjóanga“ að ræða - útflutning sem innan skamms vex með im skrefum. Fremur ber að líta á þenn- luta útflutningsins sem viðbótargetu eiðslufyrirtækjanna, sem eru með sinn markað innanlands. Aftur á móti hafa tengdar sjávarútvegi mikla vaxtar- leika. Enda sýnir það sig að þar hefur rinn orðið undanfarin ár.

Þ er því ljóst að við eigum þó nokkuð í land með að geta farið að kalla okkur arþjóð, í evrópskum skilningi þess

durstaðan er þó ekki eins svört og ofan- ur tölur gefa til kynna, og kemur þar t til.

frsta lagi hefur framleiðsluðnaður inn- ds staðist aukna samkeppni frá inn- ngi með aðdáunarverðum hætti. Þann- fyrirtæki í matvæla-, húsgagna-, prent- naðnaði nokkuð vel stöðð bæði hvað r vélvæðingu og vöruþróun miðað við þrönga stakk sem þeim er sniðinn af landsmarkaði.

öru lagi er sjávarútvegur ekki einhæf innslugreim í sama skilningi og banana- íffirækt þriðjaheims landanna. Veiðar annsla eru orðnar háþróaðar tæknilega fiskur og fiskafurðir fara á mjög marga adi, sem hafa sín séreinkenni og eru oft im óháðir hvor öðrum.

lbreytni útflutnings er markmið sem náðst, en ekki vegna þess að iðnaður komið til viðbótar frumvinnslunni. ur vegna þess að frumvinnslan er orðin edd.

### Ásgeir Júlíusson.

indur greinarinnar skrifar magistersrit- sina við Verslunarháskólann í Kaup- ahöfn um útflutningsverslun. Hann r nú hjá Iðnaðarknifun).

ÞJÓÐLIF 24.11.1988.

# Japan sækir fram

**Bandaríkjamenn hafa misst forystuna í efnahagsþróuninni. Hagfræðin reynist lítilsmegnug ein og sér.**

**Áhættufjármagnsfyrirtæki setja ekki fjármagn í hátækniiðnað. Vestur- Þýskaland og Norðurlönd standa skár að vígi en önnur vesturlönd.**

Efnahagsérfræðingar Evrópubandalags- ins spáðu með miklum fyrirvara í efnahags- spá sinni sem birt var í byrjun október, að hagvöxtur í bandalagsríkjunum yrði ekki meiri en 2% á þessu ári og myndi ekki draga verulega úr atvinnuleysi sem nú er um 12% því um 20 milljónir eru atvinnulausar í Evrópubandalagsríkjunum. Þetta var fyrir verðhrunið og jafnvel þá vöruðu höfundarnir við því að þessi spá væri e.t.v. of bjartsýn. hafandi í huga hættuna á nýju falli dollarans og auknum verndartollum á alþjóðamörk- uðum.

Í dag óttast hagfræðingar Evrópubanda- lagsins eins og hagfræðingar OECD, að verðhrunið geti leitt til djúptæks samdráttar ef ekki verði gripið til sérstakra aðgerða til að veða á móti áhrifum verðhrunsins á neyslu og fjárfestingar. Þess vegna dusta menn þessa dagana rykið af gömlum áætlun- um um sameiginlegar pensluaðgerðir ríkja bandalagsins, áætlunum sem gera ráð fyrir að fjárfestingar verði auknar á fyrirfram völdum sviðum, í grunngerð eða „infrastructure“ efnahagslífsins og sem gera ráð fyrir neysluhvetjandi aðgerðum. Hefðbundin stefna keynesismans, hins blandaða hagkerf- is, að stemma stigu við samdrætti í efnahags- lífinu með pensluaðgedum í einu landi eru í dag úreltar vegna þess að utanríkisviðskipti eru nú mun umfangsmeiri en fyrir nokkrum áratugum. Aðgerðir verða því að vera sam- eiginlegar ef þær eiga ekki að renna út í sandinn. Aukin vitund um nauðsyn sameig- inlegra pensluaðgerða á þó auðvitað erfitt uppdráttar nú um stundir meðan markaðs- og frjálshyggja er ríkjandi hugmyndafræði vestrænna ríkisstjórna.

### Velgengni Japana og ójafnvægið á verðbréfamörkuðunum

Ójafnvægið á verðbréfamörkuðunum stafar af sveiflum í tiltrú á styrk bandarískra fyrirtækja samanborið við evrópsk og eink- um japönsk fyrirtæki. Þessi óvissa mun ríkja þar til nýr efnahagslegur leiðtogi hefur tryggt sig í sessi og allt bendir til þess að Japanir muni taka yfir þetta hlutverk. Ástæðan er sú að Japanir færa sér mun hraðar í nyt hina nýju upplýsinga- og sjálfvirknitækni en keppinautar þeirra. Skýringanna er að leita í samspili félagslegra og efnahagslegra þátta. Það er einmitt vegna þess hversu þróunin er í edli sínu samfélagsleg sem hagfræðin er nú á dögum svo lítilsmegnug.

Í ljósi ójafnvægisins er því afar lærdóms- ríkt að skoða megin ástæður velgengni Jap- ana og spá í hvernig Bandaríkjamönnum og Evrópubúum mun farnast í aðlögun sinni að hinni nýju tækni og möguleikum hennar. Segja má að megin einkenni hinnar nýju tækni sé, 1) hámarks hagnýting upplýsinga- tækninnar; 2) mikill hreyfanleiki í fram- leiðslu og markaðssetningu og; 3) kerfis- bundin samþættun hönnunar, rannsókn- og þróunarstarfsemi og markaðssetningar þar sem upplýsingateknin eru nýtt til hins ítrasta.

Helstu ástæður þess að Japanir hagnýta sér hina nýju tækni miklu hraðar en sam- keppnislöndin eru vafalaust þessar: Í fyrsta lagi höfðu þeir þegar á sjötta og sjöunda áratugnum tekið í sína þjónustu svokallaða lárétta stjórnun sem ólíkt hinum ríkjandi

skýra valdapýramída og ströngu sérhæfingu í vestrænum fyrirtækjum, byggir á fjölbæfu starfsfólki og miklu upplýsingastreymi milli þess. Ástæðan var sú að Japanir lokuðu heimamarkaðnum og fluttu inn tækni sem þeir þróðu áfram og aðlöguðu að japönskum aðstæðum. Um leið urðu þeir að brjóta niður deildamúrana milli hönnunar, þróunarstarfsemi og markaðssetningar. Lárétt stjórnun var þar því til þegar fyrir upplýsingatæknina.

Í annan stað hafði MITI, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, þegar á sjöunda áratugnum snúð baki við orkufrekri tækni og lagði höfuðáherslu á upplýsingatækni og samþáttun rafeindaverkfræðinnar og annarra greina verkfræðinnar. MITI sá þannig fyrir sér að rafeindaverkfræðin yrði stöðugt mikilvægari í iðnaði framtíðarinnar og lagði því kapp á að beina fjárfestingum í iðnaði á virkan hátt inn á þessar brautir. Ríkisvaldið lék því, í þriðja lagi, afar mikilvægt og virkt hlutverk í þróuninni.

Í fjórða lagi hafa Japanir lagt ríka áherslu á almenna breiða rafeindaþekkingu í skóla-kerfinu og endurmenntun innan fyrirtækjanna. Í dag koma tvisvar sinnum fleiri rafeindaverkfræðingar á markaðinn í Japan en Bandaríkjunum, ef miðað er við höfðatölu.

Í fimmta lagi er rannsókn- og þróunarstarfsemi mun skýrar tengd vöruframleiðslunni í Japan en Bandaríkjunum, og sumum Evrópuríkjum raunar einnig, þar sem hernaðarframleiðslan leikur mikilvægt hlutverk á þessu sviði.

Í sjötta lagi er að nefna sérstæð samskipti atvinnurekenda og launþega sem einkennast af meiri samvinnuvilja en í öðrum auðvaldsríkjum, sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi, samvinnuvilja sem rekja má til styrkrar stöðu verkalyðshreyfingarinnar eftir seinni heimsstyrjöldina, en þessi stada neyddi atvinnurekendur til jákvæðari afstöðu til launþega en áður. Afleiðing þessa var að launamunur innan japanskra fyrirtækja er mun minni en í engilsaxnesku löndunum og launþegar því jákvæðari gagnvart atvinnurekendum. Það er athyglisvert að í Japan, V-Pýskalandi og Svíþjóð er launajöfnuður meiri en í engilsaxnesku löndunum og þar hefur framleiðniaukning í iðnaði einnig verið meiri á síðustu áratugum.

Í sjöunda og síðasta lagi er mikilvægt að hafa í huga að japönsk fyrirtæki sætta sig við mun lægra gróðahlutfall en evrópsk og bandarísk fyrirtæki og geta því lagt meiri áherslu á tækninýjungar, endurmenntun o.þ.h.


### Bæ bæ Ameríka

Bandarískt samfélags- og efnahagslíf er augljóslega óravegu frá þessari fyrirmynd. Samskipti launþega og atvinnurekenda eru óvída hatrammari. Verkfalldagar á hverja þúsund launþega voru t.d. hérumbil tíu sinn-

Mynd 2.

## Hnignun efnahagslegrar forystu Bandaríkjanna

Landsframleiðsla á hvern íbúa nokkurra landa samanborið við Bandaríkin (í prósentum).



Heimild: E.A. Brett: The World Economy since the War.

um fleiri að meðaltali í Bandaríkjunum en Japan á tímabilinu 1974-83 og u.þ.b. þrjátíu sinnum fleiri en í V-Pýskalandi á sama tíma. Tæknipróunin er einokud af hernaðarmaskínunni í Bandaríkjunum og einfeldingsleg andstaða frjálslyggjunnar gegn jákvæðu, virku hlutverki ríkisvaldsins ríður þar hús-um. Samkvæmt þeirra kokkabókum eiga markaðslögmálin að stýra fjárfestingu inn á brautir nýju tækninnar, en reyndin er sú að það gerist of hægt og samkvæmt nýjum rannsóknnum beinast fjárfestingar svokallaðra áhættufjármagnsfyrirtækja í æ ríkara mæli inn á öruggt svið fjárfestinga í samruna fyrirtækja en ekki til hátæknifyrirtækja.

Þegar á heildina er lítið á þetta einnig við um Evrópu ef V-Pýskaland og Norðurlönd eru frátalin. Það er afar ólíklegt að Evrópulöndunum og Bandaríkjunum muni takast að tvinna saman samfélags- og tæknipróun jafn haganlega og Japönum.

### Pólitískar afleiðingar verðhrunsins

Þegar þessar samfélagslegu og tæknilegu forsendur eru hafðar í huga og sú stadreynd að frjálslyggjan ríkir meðal ríkisstjórna auðvaldsríkjanna er rökrétt að álykta að óvissan

í efnahagslífi Vesturlanda muni vara um langan tíma enn. Verðhrunið hefur þó grafið undan frjálslyggjunni að svo miklu leyti sem almenningur gerir sér nú betur grein fyrir en áður, að draumurinn um almenningskapítalismann sem frjálslyggjan boðar svo ákaft, hefur takmarkaða þýðingu fyrir févana almenning.

Það virðist betra fyrir almenning að spila áfram í happdrætti frekar en að taka mikla áhættu á verðbréfamörkuðunum. Verðhrunið hefur vafalaust einnig opnað augu margra fyrir því að óheft markaðslögmál leiða til meiri sveiflna í efnahagslífinu og það hefur vafalaust einnig rifjað upp fyrir mörgum að markmið öflugs velferðarkerfis er ekki aðeins að tryggja öllum mannsæmandi líf, heldur einnig að draga úr efnahagssveiflunum. Verðhrunið mun því vafalaust skila sér innan tíðar í auknu fylgi sófialista og sófialdemókrata. Innan hagfræðinnar mun það leiða til aukinnar áherslu á róttækari túlkanir á kenningum Keynes og samfélagslegar og tæknilegar kenningar um efnahagsþróunina. Verðhrunið er því áfall fyrir hægrisinnaðar hagfræðikenningar frjálslyggjunnar sem hafa verið ríkjandi í auðvaldsríkjunum á þessum áratug.

Ívar Jónsson/Brighton